



Reykjavík 06.05.2020.

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar og tengiliðir þeirra.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, hefur ákveðið í samræmi við tillögu ríkisstjórnar Íslands, að verja um 2.200 milljónum króna úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að standa straum af átaksverkefni um að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn í sumar. Vinnumálastofnun mun stýra áttakinu sem efnt er til í samvinnu við stofnanir ríkisins og sveitarfélög. Vonir standa til að með áttakinu verði til allt að 3.400 tímabundin störf í sumar fyrir námsmenn á milli anna sem skiptast á milli opinberra stofnana og sveitarfélaga. Alþingi er með málið til umfjöllunar og er gerður fyrirvari um afgreiðslu þingsins á fjárákallögunum.

Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs nemur nú að hámarki grunnfjárhæð atvinnuleysisbóta sem er 289.510 kr. (+11% framlags í lífeyrissjóð) fyrir hvert starf samtals, **321.356 kr. sem miðast við fullt starf.**

Vinnumálastofnun hvetur nú sveitarfélög til að hefja undirbúning þessa átaks og móta störf og verkefni sem fallið geta að því. Nauðsynlegt er að vinna verkefnið hratt en Sveitarfélögin hafa þegar fengið upplýsingar um átaksverkefnið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. **Frestur til að skila inn upplýsingum um störf er því stuttur eða til 8. maí næstkomandi.** Vinnumálastofnun mun vinna hratt úr óskum og senda sveitarfélögum upplýsingar um fjölda ráðningarheimilda 12. maí næstkomandi og geta sveitarfélög í kjölfarið auglýst umrædd störf.

Forsendur og skilyrði:

Hér eru helstu forsendur og skilyrði fyrir þátttöku í þessu átaksverkefni sem er nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar:

1. Sveitarfélög þurfa að skapa ný störf í tengslum við sumarátakstörf. Hefðbundin sumarafleysingarstörf eiga hér ekki við.
2. Námsmenn þurfa að vera á milli anna (þ.e. séu að koma úr námi og séu skráðir í nám að hausti).
3. Ráðningartími námsmanna er að hámarki **tveir mánuðir**. Miðað er við tímabilið frá 1. júní – 31. ágúst.
4. Námsmenn þurfa að vera 18 ára á árinu.
5. Laun skulu aldrei vera lægri en gildandi kjarasamningar segja til um vegna viðkomandi starfs.
6. Um ráðningar vegna þessa verkefnis **gilda sömu reglur og gilda almennt um ráðningar starfsmanna sveitarélaga.**

7. Áréttá skal að sveitarfélag gæti að jafnræði milli kynja við ráðningar í þessi störf.
8. Heimilt er að ráða í hlutastarf, en úthlutun verður í fjölda fullstarfandi.
9. Svára þarf **öllum** umsækjendum sem sækja um starf.

Ferli:

1. Viðkomandi sveitarfélag sendir upplýsingar um fjölda starfa sem óskað er eftir að ráða í, í síðasta lagi **08.maí** n.k. á neðangreint netfang. Viðkomandi sveitarfélag fær sendar upplýsingar þann **12. maí** um fjölda ráðningarheimilda.
2. Auglýsa skal laus störf á vefsíðu viðkomandi sveitarfélags og skal umsóknarfrestur að lágmarki vera tíu dagar frá birtingu auglýsingar.
3. Uppgjör við Vinnumálastofnun vegna þeirra starfa sem þátttakendur í verkefninu ráða í, fer fram í lok sumars. Nánari fyrirmæli um það verða send út síðar en senda þarf reikninga á rafrænu formi.

Óskir um fjölda ráðninga sendist á: sumarstorf@vmst.is

Verkefnastjóri verkefnisins hjá Vinnumálastofnun er **Margrét Lind Ólafsdóttir**,
netfang: margret.olafsdottir@vmst.is

Með góðri samstarfskveðju,

Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar